


M EGIN

S TOÐ

BLAÐ MS-FÉLAGS ÍSLANDS

2. tbl. 2008 25. árg.



**MS-FÉLAG
ÍSLANDS
40 ÁRA**

Efnisyfirlit

Frá formanni	3
Frankvæmdastjóri MS-félagsins	4
Hver dagur telur!	6
Eins og happadrættisvinningur.	6
Hjálpumst að við að bæta þjónustuna	8
Evrópufundur MS-félaga á Íslandi	12
Andlegar hliðar MS-greiningar	14
Aukið sjálfstæði í daglegu lífi með MS	16



MeginStoð

2. tbl. 2008, 25. árg.
ISSN 1670-2700

Útgefandi:
MS-félag Íslands,
Sléttuvegi 5,
sími 568 8620, fax: 568 8621
netfang: msfelag@msfelag.is,
heimasíða: msfelag.is

Ábyrgðarmaður:
Sigurbjörg Ármannsdóttir

Ritstjóri:
Páll Kristinn Pálsson

Auglýsingar:
Óflun ehf.

Umbrot og prentun:
Prentmet ehf.



Forsíðumyndina tók Páll Stefánsson.

Gjöfult Glitnishlaup



MS-fulltrúar í hlaupagallanum, fv.: Krístrún, Jóhanna, Lárus, Brynjar, Jóna, Heba og Helga.

Alls hlupu nú 97 manns til styrktar MS-félaginu í hinu árlega Glitnishlaupi á Menningarnóttinni í Reykjavík. Ágóðinn rennur óskiptur til að greiða kostnað af „streymi“ fræðslufunda yfir netið til félagsmanna.

Heimasíða MS-félagsins

hefur fengið andlitslyftingu. Síðan byggir á fyrri grunni en talsverðar endurbætur hafa verið gerðar á henni, einkum hvað varðar framsetningu efnis og rými fyrir fréttir og tilkynningar. Þá hafa tenglar á margvíslegt efni verið gerðir virkir á ný og sett inn nýtt efni, s.s. tölvutæk eldri tölublöð MeginStoðar og nýútgefnir bæklingar. Einnig hafa ýmsar upplýsingar verið uppfærðar og endurnýjaðar. Það er von okkar að heimasíðan verði ómissandi tæki fyrir félagsmenn okkar og aðra áhugasama til að fylgjast með fréttum og viðburðum á vegum félagsins sem og upplýsingum um hvaðeina sem tengist MS.

Jóla kortið í ár



Marteinn Viggósson, Daði Guðbjörnsson og Ingdís skrifstofustjóri MS-félagsins.

Sala jóla korta hefur lengi verið ein af helstu tekjulindum MS-félagsins. Frá árinu 2003 hefur sú hefð myndast að einhver af fremstu listamönnum þjóðarinnar hefur leyft notkun á verki sínu til að prýða kortið og hefur Marteinn Viggósson annast milligöngu listamannanna og MS-félagsins. Að þessu sinni er það listmálarinn Daði Guðbjörnsson sem leggur til myndina „Tvöfaldur á brosinu“. Sala jóla kortanna hefst að venju í lok október.

Frá formanni

Kæru félagar

Í tilefni ráðstefnu Evrópskra MS-félaga (EMSP) í Reykjavík í vor var afráðið að gefa út aukablað MeginStoðar, sem kæmi út á 40 ára afmæli MS-félags Íslands 20. september. Þema ráðstefnunnar var „Living independently with MS“ og snerist þannig fyrst og fremst um lífsgæði MS-fólks. Ráðstefnan var afar vel sótt og margir mjög virtir vísindamenn fluttu fyrirlestra um hin ýmsu málefni. Þessum fyrirlestrum og fyrirspurnum um efni þeirra var streymt jafnóðum á netinu til félagsmanna og er enn hægt að sjá þá í íslenskri þýðingu í fjarfundabankanum á heimasíðu okkar (www.msfelag.is).

Þetta er í fyrsta sinn sem svo viðamikil fjölþjóðleg MS-ráðstefna er haldin hér á landi, og því ánægjulegt hve glæsileg hún var í alla staði. Stjórn og starfsmenn félagsins tóku ríkan þátt í undirbúningi og skipulagi, bæði hvað varðar þema ráðstefnunnar, val fyrirlesara og allri umgjörð niður í smæstu mál.

Við stöndum í þakkarskuld við alla þá sem studdu okkur í þessu verkefni, vísindamenn okkar, lækna Ólöfu Bjarnadóttur og Sverri Bergmann, hæstvartan heilbrigðisráðherra Guðlaug Þór Þórðarson, sem setti ráðstefnuna og síðast en ekki síst hæstvartan forseta Íslands hr. Ólaf Ragnar Grímsson, sem bauð ráðstefnugestum til móttöku á Bessastöðum. Með samstilltu átaki allra sem að komu tókst að gera ráðstefnuna að einni bestu EMSP-ráðstefnu sem haldin hefur verið,



Sigurbjörg Ármannsdóttir.

en þar vísa ég til orða sem féllu frá stjórnarmönnum og félagsmönnum EMSP í ráðstefnulok.

Lífsgæði okkar MS-fólks eru háð mörgum þáttum, m.a. hvernig sjúkdómsmynd við höfum, félagslegri stöðu okkar, fjölskylduáðstæðum, stuðningi og hvaða aðgang við höfum að heilbrigðis- og félagslegri þjónustu.

Við Íslendingar erum í fararbroddi þegar kemur að heilbrigðisþjónustu og það er eining meðal þjóðarinnar um að svo sé. Kannanir sýna að við viljum að skattpeningarnir séu notaðir til að efla heilbrigðis-, skóla- og félagsmálakerfi þjóðarinnar.

Á þetta er nú minnst þar sem um þessar mundir er umræðan um lyfið Tysabri fyrirferðamikil og ekki að ófyrirsynju. Í ársbyrjun var MS-fólki gefið loforð um að 50 manns fengju lyfið á árinu. Við tókum því fagnandi og vorum hreykin af hve myndarlega ætti að fara af stað með þessa nýju lyfjagjöf. Sá árangur

náðist eftir ítrekuð samskipti við ráðamenn og mjög mikla umfjöllun í fjölmiðlum.

Það er okkur því mikið áhyggju-efni nú átta mánuðum eftir að lyfjagjöf hófst að sjá hversu seint gengur að nálgast áður nefnt markmið. Samkvæmt upplýsingum frá LSH hafa nú aðeins um 25 manns hafið meðferð, eða helmingur þeirra sem stefnt var að í ársbyrjun. Lyfið hefur í flestum tilvikum virkað afar jákvætt á þá sem byrjað hafa meðferð, t.d. hefur köstunum fækkað mjög eða þau hætt alveg þegar þetta er ritað.

Stjórn MS-félagsins hefur ásamt ýmsum öflugum félögum lagt sig mjög fram um að stuðla að framgangi þessa mikla og sjálfsagða hagsmunamáls okkar. Á þessari stundu er ekki ljóst hversu hröð framvindan verður. Samræður okkar við heilbrigðismálaráðherra og stuðningur landlæknis í sjónvarpsfréttum 4. september við málstaðinn hljóta að auka okkur bjartsýni. Öflugur og samstilltur hópur fær miklu áorkað, þegar allir leggjaast á eitt.

Það var framsýnt fólk sem stóð að stofnun MS-félags Íslands fyrir fjörutíu árum síðan og því hefur að líkindum ekki órað fyrir hve miklu félagið fengi áorkað á ekki lengri tíma með hugsjóna- og sjálfboda-liðastarfi ásamt öflugum stuðningi velunnara félagsins. Sá árangur sem náðst hefur á að vera okkur öllum hvatning til að halda ótrauð áfram á sömu braut.

Með afmæliskveðjum,

Sigurbjörg Ármannsdóttir

Munum aðalfundinn!

Aðalfundur MS-félags Íslands verður haldinn laugardaginn 25. október klukkan 13.00 í húsnæði félagsins að Sléttuvegi 5 í Reykjavík.

Framkvæmdastjóri MS-félagsins

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

Þau tímamót urðu hjá MS-félaginu þann 1. júní síðastliðinn að þá kom til starfa fyrsti framkvæmdastjóri þess, sem gegnir launaðri stöðu og er ekki með sjúkdóminn. Hún heitir Berglind Ólafsdóttir og þegar ég hitti hana á skrifstofunni lá beint við að spyrja hvernig kom til að hún var ráðin í þetta starf.

„Ég sótti bara um það,“ segir Berglind. „Ég var í vor að ljúka námskeiðunum í meistaranáminu í viðskiptafræðinni, ég á þar aðeins ritgerðina eftir, og farin að líta í kringum mig eftir starfi sem hentaði mér. Ég sá þetta starf auglýst á heimasíðu fyrirtækisins HH-ráðgjafar, og það kveikti í mér af því að þarna var á ferðinni áhuga-vert hlutastarf. Það er ekki mikið í boði af þeim og áhuginn kviknaði semsé við að sjá að þetta var framkvæmdastjórastaða í hálfu starfi. Það varð til þess að ég fór að skoða þetta nánar. Svo hitti ég fulltrúa MS-félagsins, þær Sigurbjörgu Ármansdóttur formann og Berglindi Guðmundsdóttur gjaldkera, og það vakti áhuga minn enn frekar. Starfið fellur enda vel að því sem ég hef verið að læra, hér þarf til dæmis að fara í stefnumótun og áætlanagerð fyrir framtíðina. Þó ég hafi ekki bakgrunn í MS-sjúkdómnum, þá á ég bróður sem býr á sambýli og er langveikur einstaklingur. Það er þó ekki sambærilegt nema að því leyti að MS er langvinnur sjúkdómur og ýmis atriði sem maður hefur skilning á þess vegna.“

Frænka með MS

Þrátt fyrir mikla fræðslu virðast margir ekki vita hvað MS er og sjá jafnvel strax fyrir sér fólk í hjólastól – hvað vissir þú um sjúkdóminn?

„Ég á frænku sem greindist með MS fyrir rúmu ári þó hún hafi líklega verið búin að vera lengi með sjúkdóminn áður en hún greindist, en hún er ári eldri en

ég. Ég sá því ekki endilega fyrir mér fólk í hjólastól. Ég man eftir í æsku að mamma vinkonu systur minnar var með MS og maður sá á hreyfingum hennar að það var eitthvað að plaga hana, en hún var ekkert í hjólastól eða neitt slíkt. Ég vissi því alveg að MS var ekki það versta sem gat komið fyrir mann, enda voru viðbrögð frænku minnar þegar hún greindist að anda léttara, því þetta hefði getað verið eitthvað miklu verra og hún var líka fegin að vita loksins hvað gengi að henni. Hún tekur þessu ótrúlega létt og með jákvæðum huga, og það hafði sín áhrif á mig að sjá viðbrögð hennar við sjúkdómsgreiningunni. En ef eitthvað hefur síðan komið mér á óvart um MS er það hvað sjúkdómurinn getur verið mismunandi hjá fólki.“

Hvernig var svo að koma til starfa í MS-heimilinu á Sléttuveginum?

„Það var að mörgu leyti mjög nýtt fyrir mér. Ég hef áður starfað í fyrirtækjarekstri en hér er margt sem manni þykir aðeins öðruvísi, þótt prinsippin séu að mörgu leyti þau sömu. Það þarf innkomu, maður þarf að selja eitthvað, fá tekjur og passa svo upp á hvernig peningunum er ráðstafað. En það sem er öðruvísi er hvað margt fólk hér starfar í sjálfböðavinnu, og Sigurbjörg og Berglind eru þar fremstar í flokki. Það er margt sem ég þarf að læra og þótt ég þykist hafa einhverja innsýn í hlutina þá er staðan greinilega mismunandi eftir málaflökkum. Það er allt önnur staða í málefnum geðfatlaðra en málefnum MS-sjúklinga, til dæmis sú frábæra aðstaða sem fólk hefur hér í húsi félagsins á Sléttuveginum. Það er alveg svart og hvítt.“

Hinn almenni félagsmaður

Hvernig sýnist þér staða MS-félagsins vera?

„Að vissu leyti stendur félagið núna á tímamótum, eins og formaðurinn hefur lýst yfir. Á undanförunum árum er búið að setja mjög mikið púður í dagvistina og stækkun húsnæðisins, og núna er kominn tími til að útvíkka starfsemina meira fyrir hinn almenna félags-

 <p>Suðurlandsbraut 4a • Sími 588 1550 • www.konditori.is</p>	 <p>FÉLAG PÍPULAGNINGAMEISTARA</p>	 <p>Fjarðargrjót ehf.</p>
 <p>Landsbankinn</p>	 <p>Ásgeir og Björn ehf Byggingaverktakar Hafnarfirði</p>	 <p>vistor</p>

mann sem nýtur ekki þjónustu dagvistarinnar. Við höfum til að mynda hug á því að auka framboð á námskeiðum og fræðslu á vegum félagsins, setja saman dagskrá og auglýsa hana. Við erum að fara að gefa út nýjan bækling um MS-sjúkdóminn, sem dreift verður sem víðast. Einnig ætlum við að gefa út siðareglur evrópsku MS-samtakanna í íslenskri þýðingu. Þann bækling verður hægt að fá hér á skrifstofunni en hann fer til að byrja með ekki í stórtæka dreifingu. Báða þessa bæklinga má svo auðvitað skoða á heimasíðu félagsins. Margrét Sigurðardóttir félagsráðgjafi kemur til með að hafa fasta viðveru einu sinni í viku og hægt verður að bóka tíma á skrifstofunni. Ætlunin er líka að hún verði með fasta símatíma. Ýmislegt í þessum dúr er í vinnslu og verður rækilega auglýst þegar þar að kemur.“

Þú nefndir stefnumótun félagsins – um hvað mun hún helst snúast?

„Það er starf sem ég tel best að ráðast í eftir aðalfund félagsins í október næstkomandi. Þá þyrfti að stofna sérstakan hóp, með aðkomu flestra sem tengjast MS-sjúkdóminum, svo sem fulltrúa sjúklinga, stjórnar, aðstandenda og fagfólks. Það yrði sem sé breiður hópur sem ynni faglega að alhliða stefnumótun fyrir MS-félagið. Ég tel það mjög nauðsynlegt, en vil jafnframt taka fram að mér þykir búið að vinna hér alveg ótrúlega fínt og mikið starf í sjálfböðavinnu í öll þessi ár. MS-félagið stendur mjög vel og það hefur afrekað mjög margt. Þetta er öflugt félag sem hefur staðið fyrir öflugri starfsemi, hún hefur meira og minna verið unnin í sjálfböðavinnu, sem erfitt er að byggja á til langframa.“

Í mörg horn að líta

Og þess vegna hefur framkvæmdastjóri verið ráðinn?

„Já, Sigurbjörg formaður hefur sagt að mitt hlutverk verði að breyta MS-félaginu úr áhugamannafélagi í öflugt hagsmunafélag. Það felur meðal annars í sér að ná utan um öll þau mál, erindi og upplýsingar sem berast félaginu. Á hverjum degi rignir til dæmis inn fjöldi tölvupósta frá hinum og þessum aðilum sem þarf að skoða, vinsa út aðalatriðin og fylgja þeim eftir til þess að vera með á nótunum í þeim málefnum sem varða félagið, bæði hér heima og erlendis. Þetta eru mörg smáatriði en þegar þau koma saman þá skipta



Berglind Ólafsdóttir er 39 ára, gift og tveggja barna móðir. Hún lauk stúdentsprófi af náttúru- og eðlisfræðibrautum Menntaskólans við Hamrahlöð, er með BS-gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og stundar nú meistaranám í sömu grein við Háskóla Íslands, með áherslu á stjórnun og stefnumótun. Berglind hefur fjölbreytta reynslu af daglegum rekstri lítilla fyrirtækja og einnig starfað við þýðingar, textaskrif og ráðgjöf.

þau miklu máli. Og það er ótrúlega mikið að gera hér á skrifstofunni, eitt af því sem hefur komið mér á óvart er hvað dagleg umsýsla sem tengist félaginu er mikil.

Ég lít svo á að formaðurinn sé andlit félagsins út á við, en ég sé hér til að framkvæma það sem stjórnin ákveður og gefa ráð sem byggja á minni reynslu. Mér þykir starfið mjög spennandi, það er svo margt sem maður kemur að, svo margt fólk sem maður hefur samskipti við, og ég vona að samstarfið verði farsælt fyrir báða aðila.“ ■

 <p>Arkiitektar Laugavegi 164 ehf. www.glamakim.is</p>	 <p>HRADÞJÓNUSTA</p>	 <p>FRÁ MÓTUN AÐ MANNVIRKI</p>
 <p>Karl Kristmanns Umboðs- og heildverslun Sími 481 1971 · Fax 481 2971</p>	 <p>HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS vænlogast til vinnings</p>	

Tysabrið er mál málanna hjá MS-fólki um þessar mundir. Hér ræðir Páll Kristinn Pálsson við tvo MS-sjúklinga úr hópi þeirra fyrstu til að hefja meðferð með þessu lyfi um hvernig það hefur gengið.

Hver dagur telur!

Jón Þórðarson er 42 ára gamall Rangæingur. Hann greindist með MS árið 1992 og hefur fengið Tysabri á fjögurra vikna fresti frá febrúarlokum.

„Ástæða þess að ég er einn þeirra sem er byrjaður að nota lyfið er örugglega mikil versnun sjúkdómsins hjá mér á síðustu árum,“ segir Jón þegar ég slæ á þráðinn til hans austur á Hellu. „Slæm MS-köst með innlögn á spítala og steragjöfum voru farin að herja á mig á tveggja mánaða fresti. Bati á milli kasta var minnkandi og nær enginn undir það síðasta.“

Varstu ekki áður búinn að prófa önnur lyf?

„Jú, ég hafði áður tekið Rebif, Interferon beta, í nokkur ár. Árangurinn var þó lítt merkjanlegur og aukaverkanir í rauninni óásættanlegar, til dæmis þunglyndi.“

En hvaða áhrif hefur Tysabrið haft á þig?

„Tysabrið hefur, rétt eins og vonir stóðu til, breytt miklu hjá mér. Frá því ég byrjaði að taka lyfið hef ég ekki fengið MS-kast. Aukaverkanir af því hafa verið litlar, það er þá helst að gömul MS-einkenni hafi dúkkað upp, eins og stam sem ég fékk í einu kastinu og klaufskir fingur sem ég hef oft fengið í köstum, en hvoru tveggja gekk fljótt yfir.“

Hver er þá stefnan hjá þér?

„Núna er hafin mikil vinna sem felst í að þjálfa líkamann og ná að bæta sem mest af þeim skemmdum sem sjúkdómurinn hefur valdið hvað varðar styrk, jafnvægi og þrek. Ég er þannig nýbúinn að vera í fjögurra vikna prógrammi á Reykjalandi. Þar eru gerðar æfingar sem snerta allan líkamann – já, meira að segja tunga og varir eru æfðar. Mér leist í fyrstu ekkert á að fara í talþjálfun, enda sjálfur frægur spjallari sem er alltaf að beita talfærunum. Ég hélt ég hefði nú ekkert við slíkt að gera, en þegar betur var að gáð reyndust kinnar og varir orðnar slappar og full þörf á að þjálfa þá vöðva ásamt tungunni. Mér skildist þetta þegar ég var látinn æfa upplestur, og þá mundi ég líka að ég var vissulega sá sem alltaf notaði mest allra af munnþurrkum í matarboðum.“

Hvernig er göngugetan hjá þér?

„Núna er ég að æfa mig í að ganga um hækjulaus innandyra. Það tekst oftast ágætlega þegar maður þekkir húsnæðið sem gengið er um. En draumurinn er að ganga „Laugavegin“ frá Landmannalaugum til Þórsmerkur, eins og ég gerði haustið 1993, rúmu ári eftir greiningu. Sif sjúkrapjálfi á Reykjalandi segir að vonir um slíkan bata kunni að vera óraunhæfar – nema



Jón Þórðarson.

þá að fara í hjólastól – en ég ætla mér einfaldlega að verða svo frískur að ég geti gengið þetta, hvort sem það verður eftir fimm, tíu eða tuttugu ár. Ég stefni að því að ná mínum fyrri styrk.“

Jón er þakklátur fyrir að vera í hópi þeirra sem hafa fengið Tysabri. „En um leið verður mér oft hugsað til þeirra sem ekki fá enn að nota Tysabri,“ segir hann. „Því vil ég líkja við að liggja slasaður í bílflaki. Allir vita hvar flakið er að finna en björgunarsveitum meinaður aðgangur. Það er vonandi að allir geti notað Tysabri og önnur lyf sem virka á MS sjúkdóminn sem allra allra fyrst. Það telur hver dagur!“

Eins og happa- drættisvinningur

Guðrún Kristmannsdóttir er 44 ára gömul Vestmannaeyingur. Hún fór að finna fyrir einkennum MS í febrúar árið 2000, en fékk endanlega greiningu tveimur árum síðar.

„Reyndar fór emmessið þokkalega með mig í fyrstu,“ segir hún þegar ég hitti hana á taugadeildinni í Fossvoginum, nýkomna úr mánaðarlegri Tysabrigjöfinni. „En á síðasta ári fór það algjörlega með mig. Ég hafði áður fengið köst sem gengu vel til baka, en árið í fyrra byrjaði þannig að ég fékk tvö köst hvort ofan í annað og lenti í framhaldi af því í svokallaðri síversnun. Mér versnaði bara og versnaði, lá á spítalanum í Vestmanna-

eyjum og það þurfti loks að mata mig og allt. Ég var bara líkamlegt grænmeti,“ segir hún og hlær.

Þú hefur þá væntanlega fengið stera, en varstu byrjuð að nota önnur lyf við MS?

„Nei, ég hef aldrei viljað taka neitt af þessum lyfjum, Copaxone, Avonex og hvað þau nú heita. Ég gat bara ekki hugsað mér það, læknirinn minn bauð mér þau, en hjartað í mér sagði nei. Mér leist ekkert á lýsingarnar af aukaverkunum þessara lyfja.“

Hvernig kom þá til tals að þú færir að nota Tysabri?

„Þegar ástand mitt var orðið svona rosalega slæmt á spítalanum heima í Eyjum, þá kom Hjörtur deildarlæknirinn þar að máli við mig og spurði hvort hann ætti ekki að sækja um vist fyrir mig á Grensásdeildinni í Reykjavík. Ég sagðist þiggja alla aðstoð og vera til í allt sem gæti eitthvað bætt ástand mitt. Hann taldi það geta tekið sex til átta mánuði að kom mér inn á Grensás, fór svo að hringja og kom aftur eftir fimm mínútur og sagði: Guðrún, geturðu nokkuð farið á morgun? Ég spurði hvort hann væri að gera at í mér, en svo var ekki og ég fór daginn eftir til Reykjavíkur og var á Grensásdeildinni í fjórar vikur.

Á meðan ég lá þar fóru þau að tala saman María Hrafnadóttir taugasérfræðingurinn þar og John Benedikz taugalæknirinn minn og þá var ákveðið að gefa mér stera einu sinni í mánuði og halda mér þannig á floti uns hið nýja lyf, Tysabriið, kæmist í notkun hér á landi. Svoleiðis var ég þangað til í febrúar á þessu ári. Ég kláraði þriggja daga steraskammt 11. febrúar og fékk svo fyrsta skammtinn af Tysabriinu 29. febrúar, hlaupársdaginn sjálfan. Það var alveg yndislegt.“

Er þá hin hraða versnun þín ástæðan fyrir því að þú komst svona fljótt á lyfið?

„Já, ég fór alveg hrikalega hratt niður á síðasta ári.“

Hvernig áhrif hafði fyrsti Tysabri-skammturinn á þig?

„Alveg dásamleg,“ segir Guðrún brosandi. „Ég veit ekki alveg hvernig hægt er að lýsa þessu, en ég hef ekki fundið fyrir neinu neikvæðu síðan þá. Engar aukaverkanir, en þegar ég fékk fyrsta skammtinn hafði mér verið sagt að ég gæti fengið gömlu MS-einkennin mín aftur og þetta eru kölluð „draugaeinkenni“. Ég var nýbúin í sterameðferð og fékk þetta með truckki og dýfu, alveg fullt af þessum gömlu einkennum. Ég var fegin að hafa verið sagt að ég mætti eiga von á þessu, enda fáránlegt að vera að byrja á nýju lyfi og fá svo bara fullt af gömlum draugum í bakið.

Þetta gekk síðan yfir og ég hef fengið Tysabri-skammtinn á fjögurra vikna fresti og liðið alveg glæsilega. Í júlímánuði var Goslokahátíðin í Vestmannaeyjum, fyrir mér varð hún ákveðinn prófsteinn á hvernig líðan mín hefur breyst. Á föstudeginum er mikið að gera, margar sýningar og svona, og ég byrjaði á að fara á ljósmyndasýningu, stend þar á hækjunum mínum og tala og tala við fullt af fólki. Svo fórum við niður á bryggju að taka á móti mönnunum sem voru að klára átakið „Kraftur í kringum Ísland“ á tuðrum, svo fórum



Guðrún Kristmannsdóttir.

við á málverkasýningu, svo út að borða og svo á þriðju sýninguna. Ég kom ekki heim fyrr en hálfátta um kvöldið, búin að standa á hækjum allan daginn og tala við allt þetta fólk, og þegar ég fór að sofa um kvöldið sagði ég við sjálfa mig að ég skyldi ekki búast við að fara á fætur næstu þrjá daga, svona miðað við hvernig emmessið hafði yfirleitt farið með mig. En svo vaknaði ég á laugardeginum og allt var í lagi. Ég tók ótrauð áfram þátt í dagskránni og svo aftur á sunnudeginum – og fyrir mér var þetta afgerandi sönnun þess að lyfið væri að virka og gera mér mikið gagn.“

Hvernig er þá göngugetan núna miðað við í upphafi ársins?

„Þá var ég næstum komin í hjólastólinn, en gat staulast um á hækjum. Núna er ég farin að labba heilmikið án þess að nota hækjur og er til dæmis hætt að nota þær innandyra heima hjá mér.“

Hvernig horfirðu svo fram á veginn?

„Ég er mjög jarðbundin. Ég ætla mér að hætta að nota hækjurnar alveg, en er þó ekki búin að setja einhverja dagssetningu á það. Ég er mjög þakklát fyrir að vera ekki með neina delli. Ég þarf ekkert að detta til að sjá hvernig staðan er. Ég passa mig og hef alltaf hækjurnar með mér til öryggis.“

Hvernig heldurðu að þú værir núna ef þú hefði ekki fengið Tysabriið?

„Líkamlegt grænmeti heima í stofu eða einhvers staðar,“ svarar Guðrún umhugsunarlaust. „Ég tel þetta hafa verið minn stóra happadrættisvinningur í baráttunni við MS-sjúkdóminn. Ég vildi óska þess að allir MS-sjúklingar gætu komist á þetta lyf án tafar.“ ■

Hjálpumst að við að bæta þjónustuna

Skrásetning og myndir: Páll Kristinn Pálsson

Sigurbjörg Ármannsdóttir formaður MS-félags Íslands átti á dögnum fund með Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðismálaráðherra á skrifstofu hans, þar sem þau ræddu meðal annars þýðingu samstarfs sjúklingafélaga og heilbrigðisyfirvalda og hið nýja lyf Tysabri, sem virðist ætla að skapa tímamót í meðferð MS-fólks. MeginStoð lagði við eyru.

Sigurbjörg: „Ég vil byrja á því að þakka þér að koma og flytja setningarræðuna á Evrópuráðstefnu MS-félaga sem við höldum í vor hér í Reykjavík. Það vakti mikla athygli hinna erlendu fundargesta, bæði fræðimanna og fulltrúa MS-félaganna frá hinum ýmsu löndum, að ráðherra og æðsti maður þjóðarinnar í heilbrigðismálum skyldi sýna málefninu þann áhuga og sóma að ávarpa ráðstefnugestina.“

Guðlaugur: „Þakka þér fyrir það. Ég hef svo oft í mínu starfi tengst ráðstefnuhaldi með þátttöku erlendra gesta og þekki alveg hvaða vinna liggur þar að baki og hve miklu skiptir að aðilar sem koma að málum séu liðlegir. En þetta er nú einn af kostum smæðar íslensks þjóðfélags. Hér er margt einfaldara í sniðum en hjá öðrum þjóðum sem við berum okkur þó stöðugt saman við.“

Sigurbjörg: „Já, ég veit að víða í Evrópu er ekki eins auðvelt fyrir félög sjúklinga að ná eyrum yfirvalda og hjá okkur.“

Guðlaugur: „Sem ráðherra legg ég mikið upp úr góðu samstarfi sjúklingafélaga og heilbrigðisyfirvalda. Fólk sem starfar í slíkum félögum vinnur af hugsjón og vegna þess að það þekkir hlutina af eigin raun, annaðhvort á sjálfu sér eða aðstandendum sínum. Það er gríðarlegur kraftur í slíkum samtökum. Þar er til mikil reynsla, mikil þekking, og ég tel afar mikilvægt fyrir heilbrigðiskerfið okkar að þessir kraftar séu nýttir, meðal annars með því að fá frá félögnum ábendingar og hugmyndir um hvaðeina sem talið er geta bætt hlutina. Auðvitað er það þannig að menn

eru ekki alltaf sammála og eðli málsins samkvæmt er fólk í samtökum til að berjast fyrir ákveðnum hlutum og það væri óeðlilegt ef því þætti ekki hlutirnir ganga of hægt fyrir sig. Við verðum bara ávallt að líta þannig á okkar samskipti að við séum að hjálpast að við að búa til betri þjónustu.

Það er til dæmis alveg ljóst að ég mun ekki ná neinum árangri í því sem ég er að gera nema það sé skilningur á aðgerðunum meðal þeirra sem eiga að njóta þeirra. Við höfum hér í ráðuneytinu til að mynda gert mikið af því að kalla til samráðs fulltrúa sjúklingasamtaka varðandi lyfjamál og þar höfum við gert miklar breytingar með það fyrir augum að auka framboð en lækka verðið. En það er mikilvægt að fólkið sem þarf að nota lyfin viti af hverju við höfum farið í þessar aðgerðir. Slíkt samráð tekur yfirleitt lengri tíma en ég held það skili sér margfalt til baka.“

Sigurbjörg: „Það sem brennur á okkur eru einmitt lyfjamálin, Tysabriið. Okkur finnst mjög bagalegt hversu seint gengur að uppfylla loforðið sem við fengum í ársbyrjun að það færu 50 sjúklingar á lyfið á þessu ári. Núna í lok sumars eru þeir rúmlega 20 og þetta veldur okkar fólki miklum sársauka og spennu. Svo mig langar að spyrja þig sem ráðherra hvort þú sjáir einhverja lausn á málinu – er þetta spurning um aðstöðu eða skort á fjármunum?“

Guðlaugur: „Eins og við vitum, og eins og kom fram á Evrópuráðstefnunni í vor, þá erum við Íslendingar í hópi þeirra þjóða sem hafa lagt hvað mest í þetta mál. Og

eftir því sem ég best veit telja menn að við munum geta náð því markmiði sem við settum í upphafi ársins, að 50 sjúklingar byrji að nota lyfið. Ég á ekki von á öðru en að það gangi eftir. Hins vegar er það þannig að það er ástæða fyrir því að menn fara sér almennt varlega í málinu.“

Sigurbjörg: „Já, það er alveg fullgild ástæða og er öllum ljós.“

Guðlaugur: „Ég get alveg skilið að þegar eitthvað nýtt kemur fram sem fólk telur að komi að gagni verði það mjög óþolinmótt eftir að fá það. En við þekkjum líka dæmi – svona almennt séð og ég er ekki að segja að það sé að gerast núna – að vaktar hafa verið upp falskar vonir hjá fólki og stundum hefur það haft mjög afdrifaríkar og alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir sjúklingana. Það viljum við ekki gera í þessu tilfelli fremur en öðrum. Við viljum setja okkur það markmið að vera meðal fremstu þjóða heimsins og á sama hátt getum við ekki tekið neina áhættu með öryggi sjúklinga. Ég treysti því fólki sem fer með þetta á spítalanum til að gera þetta vel, en það eru fréttir fyrir mig ef menn telja sig ekki ná 50 sjúklinga markinu á þessu ári.“

Sigurbjörg: „Það er mjög gott að heyra að þú sért á því að það náist. Við erum alveg sammála um að það þurfi að gæta fyllsta öryggis. Það komu nýlega upp tvö tilfelli um sýkingu hjá notendum Tysabri úti í Evrópu og við greindum strax frá því á heimasíðu MS-félagsins, enda er eitt af okkar hlutverkum að upplýsa fólk um allt nýtt sem viðkemur sjúkdómnum, hvort sem það



er jákvætt eða neikvætt. Þessir einstaklingar eru á batavegi og það verður að sjálfsögðu rannsakað frekar hvað gerðist. Við viljum að fyllsta öryggis sé gætt, en sé miðað við að um 34 þúsund manns í heiminum séu á lyfinu þá finnst okkur og systurfélögum okkar í öðrum löndum þetta alveg ásættanleg áhætta – eða einn á móti sextán til sautján þúsundum. Og við erum líka að minnka þessa pínulitlu áhættu með því að hafa svona gott eftirlit.

Nú er það svo að af þeim sjúklingum sem hafa fengið lyfið eru allir nema einn mjög ánægðir með það. Fólk sem hefur verið að fá tíð köst er hætt að fá þau og hefur jafnvel fundið fyrir jákvæðum breytingum á sinni stöðu. Við viljum halda því fram að þetta sé fyrsta alvörulyfið við MS-sjúkdóminum sem fram hefur komið. Við gerum okkur fulla grein fyrir að það læknar ekki MS, en bara það að geta haldið köstum niðri um

næstum 80% á meðan önnur lyf sem skilað hafa bestum árangri eru í 30%, þá er þetta gríðarlegur ávinningur fyrir fólk til að geta haldið áfram sínu lífi, sínu námi, sinni vinnu, hrófla ekki við fjölskyldu og halda fötlunarstiginu niðri. Þetta er alveg stór mál ...“

Guðlaugur: „Engin spurning. Þetta lofar góðu.“

Sigurbjörg: „En við vitum líka að það eru þringsli á göngudeild taugadeildar LSH. Lyfið er núna gefið á föstudögum og eftir því sem fleiri bætast í hópinn og fá lyfið svona undir eftirliti, þá sjáum við fram á að það fari að þrengjast enn meira um þetta. Við höfum því áhyggjur af því að rýmið setji skorður. Við viljum því spyrja þig hvort ekki sé hægt að koma upp öðru herbergi undir Tysabrigjöfina.“

Guðlaugur: „Já, það liggur alveg fyrir og þess vegna skiptir mestu að staðið sé rétt að verki. Varðandi ákveðnar framkvæmdir í þessu, varðandi rými og annað

slíkt, þá er sjálfsagt að skoða það og ég veit að þeir sem stýra spítalanum hafa verið að gera það. Það er hins vegar erfitt fyrir mig að fjalla um svona einstaka þætti, einstök herbergi ...“

Sigurbjörg: „Nei, þetta er nú bara hugmynd. Við vitum að fleiri sjúklingahópar þurfa á svona aðstöðu að halda og ósköp eðlilegt að það sé ekki óendanlegur aðgangur að þessu litla rými fyrir þessa göngudeildarþjónustu ...“

Guðlaugur: „Rýmismálin eru stöðugt til umfjöllunar, það eru alltaf að koma upp mál og menn reyna að vinna úr þeim eins vel og hægt er. Og miðað við nýjustu upplýsingar sem ég hef frá læknunum telja þeir sig geta náð markmiðinu sem við settum okkur. En þetta hangir saman og þetta er sama verkefnið og allir glíma við í stjórnsýslunni. Við höfum bara ákveðna fjármuni og verkefnið snýst um hvernig hægt sé að nýta þá sem allra best til að fá sem mesta



Sigurbjörg: „Það sem brennur á okkur eru einmitt lyfjamálin, Tysabriið.“

þjónustu fyrir sem flesta. Þess vegna eru menn til dæmis að reyna að opna lyfjamarkaðinn. Ef við gefum okkur það að við séum að greiða 20 – 30% meira fyrir lyf en við þyrftum þá getum við keypt minna inn – dæmið er ekki flóknara en þetta.

Við Íslendingar höfum verið lánsamir með að hér hefur á undanförunum árum orðið hreint og klárt efnahagsundur og það hefur ekki farið fram hjá okkur í heilbrigðismálum heldur. En það er ekki sjálfgefið að það gerist á sama hraða áfram og þess vegna þurfum við enn frekar að líta til allra átta til að fá sem mesta þjónustu út úr þeim fjármunum sem við höfum til

ráðstöfunar, því að ef svo fer að Tysabriið skili þeim árangri sem við erum að vonast eftir þá er það skýrt dæmi um eitthvað sem hægt er að leggja fjármuni í og að þeir muni síðan skila sér með beinum hætti ...“

Sigurbjörg: „Tysabriið er svona dæmi um borðleggjandi árangur þar sem fólk spyr af hverju gengur þá svona hægt að láta alla sem það gagnast fá það?“

Guðlaugur: „Margt er borðleggjandi ef við förum út í það. Markmið okkar er að vera heilbrigð og heilbrigðisþjónustan hefur breyst mikið á síðustu áratugum. Margt af því sem við glímum við núna tengist lífsstíl fólks og...“

Sigurbjörg: „MS er alls ekki lífsstílssjúkdómur ... Hann skellur yfir fólk, oft mjög ungt og það er mjög erfitt að hugsa um að það geti átt von á að fatlast á nokkrum árum. Eitthvað verður að gera til að það fólk geti verið áfram jafningjar jafnaldra sinna, lenda ekki í fátæktargildru og börnin þeirra líka...“

Guðlaugur: „Ég held því ekki fram að MS sé lífsstílssjúkdómur. Við erum alltaf að læra að gera getur og verðum að þróa okkur áfram. Þessi lyfjagjöf er gott dæmi um það. Það er ekki svo að það vanti pólitískan vilja og þess vegna hafa menn gengið í þetta með þessum hætti og í rauninni er það ekki þannig að við séum ekki að setja mikið í heilbrigðisþjónustuna almennt. Sumt af því sem kostaði mikið fyrir nokkrum árum kostar minna núna og vonandi verður það þannig með þetta lyf.“

En mér er illa við hugtakið sparnað í þessu sambandi. Ég held að sátt sé um það í samfélaginu að við viljum hafa þessa hluti í lagi, og ef eitthvað kemur fyrir okkur eða aðstandendur okkar viljum við að þetta sé í lagi og almennt er fólk tilbúið til að greiða hluta af sínum sköttum til þess að svo megi verða. En eftirspurnin er endalaus og hún verður það alltaf. Það mun enginn heilbrigðisráðherra eiga eftir að geta sagt: Núna erum við búin að ná öllu því sem við getum náð og getum ekki gert betur! En við höfum náð miklum árangri, fólk lifir lengur, það lifir lengur með sjúkdómum, lífsgæðin hafa aukist...“

Sigurbjörg: „Já, og hluti af þessu er að fólk losni við þennan óvissuþátt sem það hefur búið við varðandi MS-köstin, ef hægt væri að minnka þau um 80% þá breytist gífurlega margt. Það liggur oft eins og mara á fólki að það geti fengið kast og að ómögulegt sé að segja fyrir um hvernig það muni nákvæmlega koma út úr því kasti. Okkar markmið er jú að reyna að endast í sem besta ástandi sem lengst og geta haldið áfram lífinu og tekið þátt í samfélaginu.“

Guðlaugur: „Já, eitt af markmiðunum er að hægt sé að þjónusta þá sem verða veikir það mikið að þeir geti náð sér sem mest og lifað sem bestu lífi. En menn verða líka að líta raunsætt á þetta, það eru ekki margir staðir í heilbrigðisþjónustunni þar sem hægt er að segja að verið sé að framkvæma einhvern óþarfa. Við erum stöðugt að vinna að því að reyna að fá sem mest úr því sem við gerum, endurskoða verkferla, kerfi og svo framvegis.“

Sigurbjörg: „Lyfin sem margir eru á fyrir eru líka dýr, svo þetta er ekki allt nýr kostnaður. En hagnaður í heilbrigðiskerfinu á ekki að skila sér í peningum heldur betri heilsu og líðan einstaklingsins.“

Guðlaugur: „Já, en við höfum bara ákveðið umleikis. Nýja lyfið er dýrara en hin fyrri, en menn eru sér meðvitaðir um að það muni skila sér í öðru.“

Sigurbjörg: „Eins og færri innlögnum, fólk verður lengur virkt í þjóðfélaginu, lengur skattgreiðendur, þannig að þegar upp er staðið mun ávinningurinn verða mikill.“

Guðlaugur: „Við skulum vona að svo verði. Við þekkjum því miður líka tilfelli þar sem lyf hafa ekki reynst eins vel og menn héldu þegar þau komu fram. Ég hef fulla trú á því að þetta lyf sé gott og vona að það muni halda áfram að reynast eins vel og það virðist gera. Það væri öllum til góðs.“

Sigurbjörg: „Það sem er erfiðast í þessu er fólkið sem er að bíða. Margir skilja ekki af hverju aðrir en þeir sjálfir fái lyfið á undan. Það er í gangi tortryggni og spennan og...“

Guðlaugur: „Nú er það svo að faglega eftirlitið í heilbrigðiskerfinu er hjá landlæknisembættinu, á meðan ráðuneytið er meira í almennti stefnumótun og reynir að halda utan um málin. Ef fólk er óánægt og vill kvarta á það að snúa sér til landlæknis með slíkt, enda mikilvægt að sú stofnun sem fer með þau mál sé óháð, ekki háð krónum og aurum eða einhverju



Guðlaugur: „Ég held að sátt sé um það að við viljum hafa þessa hluti í lagi.“

slíku. Við þurfum auðvitað að hafa þjónustuna þannig að hún skapi ekki tortryggni á meðal fólks, en ef einhverjum finnst ekki faglega staðið að málum þá er um að gera að snúa sér til landlæknis.“

Sigurbjörg: „Ég held að fólk óttist ekki að þjónustan sé ekki fagleg heldur að þetta gangi hægt og á meðan er fólki að versna. Það býr við angist og óvissu, það veit að það er búið að sækja um lyfið fyrir það, það veit að það fellur undir þau viðmið. En svo er spurningin: Hvenær kemur að mér? Það er svo erfið að bíða.“

Guðlaugur: „Já, enn og aftur verð ég að benda á að við erum að reyna að gera allt okkar besta fyrir

alla sem þurfa á því að halda. Ég tel okkur hafa náð árangri á mörgum sviðum og við erum mjög framarlega í flokki þeirra þjóða í heiminum sem eru að taka upp Tysabrylfið fyrir MS-sjúklinga. Við settum okkur metnaðarfullt markmið í upphafi árs um 50 sjúklinga á árinu. Ég mun fara yfir þetta með þeim fagaðilum sem fara með málið. Við vonum auðvitað svo sannarlega að lyfið skili árangri og næstu misseri munu skera úr um það hvort sá árangur sé varanlegur eða ekki. Við reynum að vinna eins hratt og vel og við getum – enda er tilgangurinn með þessu öllu saman að aðstoða fólk sem þarf á aðstoð að halda.“ ■

Evrópufundur MS-félaga á Íslandi

Dagana 22.–25. maí síðastliðinn var MS-félag Íslands skipuleggjandi og gestgjafi ráðstefnu Samtaka evrópsku MS-félaganna (EMSP), sem fram fór á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu. Yfirskriftin var „Sjálfstætt líf með MS“ og margir helstu sérfræðingar álfunnar á því sviði fluttu erindi og stýrðu hópumræðum.



Forsetinn bauð til lokahófs á Bessastöðum: Sigurbjörg Ármannsdóttir formaður MS-félagsins, hr. Ólafur Ragnar Grímsson og Dorothea Pitschnau-Michel forseti EMSP.



Ósk Óttarsdóttir, Joe Tabona frá Möltu og Þórey Gísladóttir.



Adam Michel aðalritari AMSEL.



Christoph Thalheim aðalritari EMSP.



Peter Anderberg, sérfræðingur í fötlunarfræðum frá Svíþjóð.



Mike O'Donovan frá Bretlandi, Sverrir Bergmann og John Golding varaforsæti EMSP frá Noregi.



Ingdís Lindal skrifstofustjóri MS-félagsins og tæknimenn Nýherja.



Svavar S. Guðfinnsson, Steinunn Þóra Árnadóttir og Eiríkur Ágúst Guðjónsson.



Berglind Guðmundsdóttir gjaldkeri MS-félagsins og Elín Þorkelsdóttir.



Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðismálaráðherra opnaði ráðstefnuna.



Margrét Pála og Lilja Svanbjörg Sigurðardóttir.



Taugalæknarnir David Bates og Alan Thompson frá Bretlandi og Ólöf Bjarnadóttir.



Alikí Vrienniou frá Grikklandi, Louise Wardell frá Írlandi, L. Aggeloudi-Kavazi frá Grikklandi og John Golding.

Andlegar hliðar MS-greiningar

Pétur Hauksson, geðlæknir

Greining getur verið bæði áfall eða léttir. Að greinast með langvinnan sjúkdóm getur verið erfiður bita að kyngja þegar maður gerir sér grein fyrir mögulegum afleiðingum sjúkdómsins. Á hinn bóginn getur verið visst öryggi í því að vita loks hvaða torkennilega fyrirbæri hefur verið að hrjá mann undanfarið.

Mikilvægt er að fá aðstoð við að takast á við greininguna sjálfa, til að hindra oftúlkanir á lesefni sem liggur fyrir um sjúkdóminn. Ekki er þó hægt að ætlast til að einstaklingur sem greinst hefur verið með MS taki bara greiningunni vel. Hópstarf fyrir nýgreinda er mikilvægt. Sumir hafa tilhneigingu til að sjá framtíðina í versta ljósi og dæma sig úr leik fyrirfram. Slík hugræn nálgun er sumum í blóð borin og veldur aukinni hættu á þunglyndi. Hægt er að takast á við þessa tilhneigingu með ákveðinni tækni, sem kölluð er hugræn atferlismeðferð og hefur gefið góða raun. Flestir þurfa samt góðan tíma til að átta sig og læra að lifa með greiningunni eins vel og hægt er.

Margar spurningar

Oft koma upp spurningar eins og hverjum eigi að segja frá greiningunni. Í rauninni er greiningin einkamál hvers og eins og engin



Pétur Hauksson, geðlæknir.

siðfræðileg eða lagalega skylda er til að segja neinum frá henni. Ef til vill er rökrétt að segja maka frá þessu, en ég þekki hjónabönd þar sem það er ekki ráðlegt. Fullyrt hefur verið að mörg hjónabönd þar sem konan fær MS enda með skilnaði, en ekki ef það er karlinn sem veikist. Ekki veit ég hvort þetta sé satt, en það sýnir hve misjafnar afleiðingar greiningar geta verið.

Eftir greiningu er viss hættu á að sjúkdómnum verði kennt um ýmsa fyrri erfiðleika, þótt það eigi ekki við rök að styðjast. Eru menn skyldugir til að segja vinnuveitanda frá sjúkdómnum? „Það getur enginn haft svona manneskju í vinnu,“ er oft sagt. „Ég er ekki maður í þetta starf lengur,“ er dæmi um sjálfsásökun, sem getur átt sannleikskorn

en beinist um of inn á við. Sjálfsásakanir valda vanlíðan. Svona viðhorf geta stuðlað að og aukið færnisserðinguna. Þegar eitt þrep getur stöðvað mann, og þröskuldur verið hindrun, er auðvelt að falla í gryfju sjálfsgagnrýni og vonleysis.

Þunglyndi

Athyglisvert er að sumir fatlaðir eru ekki þunglyndir, jafnvel þótt fötlun þeirra sé mikil. Hins vegar getur væg fötlun valdið alvarlegu þunglyndi hjá sumum. Hvor nálgunin verður ofaná fer eftir tilhneigingu hvers og eins til að kenna sér um, tilhneigingu til sjálfsgagnrýni. Erfitt getur verið fyrir nánustu aðstandendur að skilja fötlun sem er ósýnileg. Viðkomandi fær að heyra spurningar eins og: „Hvers vegna gerir hún ekkert í sínum málum?“ Mikið fatlaður einstaklingur þarf hins vegar ekki að líta á sig sem sjúkling, finnast hann vera veikur. Miklu verra er að einangrast heima „og verða bara vitlaus í óvirkinni“. Það er nauðsynlegt að hafa prógram.

Þegar maður þarf allt í einu hjálp og er orðinn háður öðrum breytist sjálfsmatið. Maður er allt í einu minna virði en áður, er ekki þess virði að makinn tolli með manni. Sjúklingurinn veigrar sér við að láta sjá sig með makanum, því honum finnst það geta haft slæmar afleiðingar fyrir makann. Ég vil ekki að fólk haldi að hann/hún sé gift alkóhólista, segir sjúklingur með jafnvægistruflun.



MS

MS er sveiflukenndur sjúkdómur, óútreiknanlegur, með skyndileg köst. Ég hef oft furðað mig á því hvað sumir MS sjúklingar taka þessum köstum vel. Þeir segja til dæmis: „Ég missti endanlega máttinn í hægri fótlegg í síðasta mánuði, en svo fékk ég þessa líka finu rafskutlu svo það kemur ekki að sök.“ Eða: „Ég missti sjónina á hægri auga en við erum svo heppin að hafa tvö.“ Þetta eru svolítið ýkt dæmi til að sýna muninn á hugrænni nálgun áfalla hjá þungyndum og öðrum.

Ég þekki marga þunglyndis-sjúklinga sem fá endurtekin, tilviljunarkennd köst, en þeir fyllast auknu vonleysi við hvert kast. Það gera sumir MS-sjúklingar ekki, heldur aðlagast sveiflukenndum sjúkdómi betur smám saman. Andstæðurnar geta verið miklar, annað hvort taki maður þessu sem hverju öðru hundsbiti eða sem enn annarri ástæðu til að börnin væru best komin án manns.

Þessar andstæður sanna fyrir mér mikilvægi hugrænnar nálgunar, þótt engin auðveld leið sé til að breyta þessari ólíku nálgun einstaklinga. Æðruleysisbænin, sem sumir eigna heilögum Franz frá Assisi en aðrir segja skrifaða á pýramíðana, biður um æðruleysi til að sætta sig við það sem maður fái ekki breytt, kraft til að breyta því sem hægt er að breyta, og kjark til að greina þar á milli. Það síðastnefnda er erfiðast.

Tekið á vandanum

Ég tel þunglyndi langveikra vanmetið vandamál, m.a. vegna þess



